

Sp.

384. Fyrirspurnir.

[176. mál]

- I. Til fjármálaráðherra um greiðslur vegna ríkisábyrgðar á árinu 1961.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Vegna hvaða fyrirtækja eða stofnana varð ríkissjóður að greiða áfallnar ábyrgðir á árinu 1961, og hve mikil varð greiðslan vegna hvers einstaks þeirra á því ári? Hve mikið hefur verið greitt fyrir hvert þeirra samtals áður?

- II. Til viðskiptamálaráðherra um innheimtu gjalds af gjaldeyris- og innflutningsleyfum.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hverjar urðu tekjur bankanna á árinu 1961 af gjaldi því, sem heimilað er að innheimta af gjaldeyris- og innflutningsleyfum samkv. lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. frá 25. maí 1960, og hvernig hefur tekjum þessum verið ráðstafað?